

**Svör félagsmálaráuneytis við spurningum og athugasemdum frá  
félagsmálanefnd Alþingis v. frumvarps um atvinnuréttindi  
útlendinga (frá fundi 3. maí 2001).**

*Surningar og athugasemdir frá Jónínu Bjartmarz:*

**Hvað er átt við með „stefnu stjórnvalda“ í 2. gr. frumvarpsins?**

Vísað er í athugasemd með greininni þar sem fram kemur að stefna stjórnvalda geti m.a. varðað takmarkanir með hliðsjón af vinnuafþörf í landinu á hverjum tíma. Einnig komi stefna stjórnvalda fram í þeim reglum sem settar verða á grundvelli laganna.

**Hvað er átt við með "almanahagsmunum" í 5.gr. ?**

Með „almanahagsmunum“ er m.a. átt við verulegt atvinnuleysi. Fallast má á að það gerði texta frumvarpsins skýrara að tiltaka það í greininni og bæta við málsliðinn „svo sem vegna verulegs atvinnuleysis. Málsgreinin verði svohljóðandi:

*Leyfi samkvæmt lögum þessum er heimilt að binda skilyrðum öðrum en þeim sem koma fram í þeim og ráðherra telur nauðsynleg vegna mikilvægra almanahagsmuna svo sem vegna verulegs atvinnuleysis.*

**Hvað er átt við með „réttur til að stunda nám“ í 13. gr. ? -er það skylda að kveða á um það í ráðningarsamningi eða ekki? Athugasemdir við að Vinnumálastofnun ákveði upphæð vasapeninga svo misjafnt hvernig samningi er háttað.**

Já samkvæmt greininni eins og hún er orðuð þarf að kveða á um réttinn til náms í vistráðningarsamningnum. Hvað varðar ákvörðun Vinnumálastofnunar um vasapeninga, þá er um lágmarksgreiðslu að ræða, heimilt er að semja um hærri greiðslur. Í ár hefur þessi upphæð verið ákveðin 31.138 kr. á mánuði.

**Hvað merkir í 18. gr.-"heimflutningur ríkissjóði að kostnaðarlausu"-hvað ef atv.rek er gjaldþrota, hver borgar þá?**

Eðli máls samkvæmt gæti komið til þess að ríkissjóður þurfi að greiða kostnað vegna heimflutnings en þá ekki fyrir en öll önnur úrræði eru tæmd.

**Hvað merkir „almenn álitamál“ í a. lið 25. gr.?**

Samstarfsnefndinni sem um er fjallað í 25. gr. frumvarpsins er ætlað að fjalla um öll álitamál sem upp kunna að koma varðandi útgáfu atvinnuleyfa, séu þau almenns eðlis þ.e. að þau verði ekki tiltekinn einstakling.

***Spurningar og athugasemdir frá Ástu Ragnheiði Jóhannesd.:***

**Bent var á að í 7. gr.-vantar skilgreiningu á "nánustu aðstandendur"**

Í greininni er gert ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð sett nánari ákvæði um tímabundin atvinnuleyfi, þar stóð til að skilgreina hugtakið. En tekið er undir athugasemdina um að skýrara væri að fyrir lagi í texta frumvarpsins hverja við er átt. Því er lagt til að eftirfarandi skilgreiningu verði bætt við 3. gr. þar sem fjallað er um orðskýringar.

8. Nánustu aðstandendur: maki útlendings, niðjar hans yngri en 18 ára, systkini og foreldrar.

**Hvernig ber að skilja 9. gr. - hvað varðar upplýsingaskyldu? Ætti þetta ekki að vera skylda atv.rek.?**

Nefndin sem vann tillögu að frumvarpinu taldi að mikilvægt væri að útlendingar með atvinnuleyfi og fjölskyldur þeirra væru upplýst um þau námskeið sem þeim stæði til boða. Þó þótti ekki rétt að krefjast þess að atvinnurekendur stæðu fyrir slíkum námskeiðum enda væru þeir afar misvel í stakk búnir til þess að gera það svo mynd væri á. Hins vegar hefur að undanförunu verið sívaxandi framboð á námskeiðum, almennum sem starfstengdum, sem útlendingum stendur til boða og hafa stjórnvöld m.a. átt í samstarfi við starfsmenntasjóði um að halda úti slíkum námskeiðum.

***Spurningar og athugasemdir frá Pétri Blöndal:***

**Hverskonar tryggingu er um að ræða í d. lið 7. gr., er þetta einungis sjúkratrygging, ekki slysatrygging og hvað um örorkubætur.**

Hér er átt við sjúkratryggingu enda er ekki um biðtíma eftir komu til landsins hvað varðar réttindi til slysatryggingar heldur stofnast rétturinn til slysatrygginga við upphaf vinnu. Hvað varðar rétt til örorkubóta þá opnast réttur til örorkulífeyristrygginga skv. almannatryggingalögum ekki fyrr en eftir 3 ára búsetu í landinu og er ekki gerð tillaga að breytingu hvað það varðar með þessu ákvæði enda ætti að mati ráðuneytisins fremur að skoða slíka beytingu með breyttu ákvæði í almannatryggingalögum.

***Spurningar og athugasemdir frá Steingrími Sigfússyni:***

**Hvers vegna er undanþágan í 8. gr. skilgreind þröngt? Það leiði til þess að hún hafi takmarkað gildi.**

Meginregla frumvarpsins er sú að atvinnuleyfi hafi verið fengið áður en útlendingur kemur í fyrsta sinn til starfa í landinu. Því þótti rétt að túlka undanþáguna þröngt og vísast í því sambandi til athugasemdanna með greininni. Mikilvægt þótti þó að opna fyrir þennan möguleika til að koma í veg fyrir að einstaklingar sem hingað eru komnir án atvinnuleyfis en eiga ekki kost á því að hverfa aftur heim eða fara af landi brott lendi í fátæktargildru þar sem þeim sé meinað að vinna fyrir sér án atvinnuleyfis. Þá gæti greinin átt við þá einstaklinga sem sótt hafa um stöðu flóttamanns en ekki fengið

þar sem afgreiðsla málsins hafi dregist úr hófi vegna þess að erfiðlega hafi gengið að fá nauðsynlegar upplýsingar. Án þess þó að það sé vegna athafna eða athafnaleysis viðkomandi einstaklings. Þetta er því afar mikilvægt ákvæði, sérstaklega í ljósi þeirrar miklu fjölgunar sem orðið hefur í hópi hælisleitenda hér á landi á undanförunum misserum.

**Fyrirspyrjandi var ósáttur við hugtakið „óbundið atvinnuleyfi“ sem hann telur orðskrípi.**

Með hugtakinu er átt við óbundið í þeim skilningi að atvinnuleyfið er hvorki bundið í tíma né bundið atvinnurekanda. Tímabundið atvinnuleyfi er aftur á móti bæði bundið í tíma og bundið atvinnurekanda þar sem það er veitt atvinnurekanda til þess að ráða til sín, tímabundið, útlendan starfsmann. Ekki verður fallist á það sjónarmið að um orðskrípi sé að ræða en ef til vill gerði það merkingu hugtaksins skýrari ef hugtakinu „tímabundið“ yrði skipt út fyrir „bundið“ í frumvarpinu. Þannig yrði annars vegar talað um bundin atvinnuleyfi, sem væru bundin í tíma og bundin atvinnurekanda og hins vegar óbundin atvinnuleyfi sem væru hvorki bundin í tíma né bundin atvinnurekanda. Þetta myndi ef til vill einnig gera tilfinninguna fyrir því sem í frumvarpinu er nefnt „tímabundið atvinnuleyfi“ skýrari og skilja það betur frá öðrum tímabundnum leyfum sem þar er um fjallað eins og t.d. atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna, atvinnuleyfi vegna námsdvalar og atvinnuleyfi vegna vistráðningar, sem allt eru tímabundin atvinnuleyfi. Er þetta að öðru leyti lagt í mat nefndarinnar. Ef valinn verður sá kostur að skipta út hugtakinu „tímabundið atvinnuleyfi“ fyrir „bundið atvinnuleyfi“ þarf að gera eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

3. gr.

2. tl. 1. mgr. verði: 2. Bundið atvinnuleyfi: ...

7. gr.

Yfirskrift verði: Bundin atvinnuleyfi.

1. mgr. Bundið atvinnuleyfi er veitt atvinnurekanda ...

2. mgr. Heimilt er að veita bundið atvinnuleyfi ...

3. mgr. Félagsmálaráðherra getur með reglugerð set nánari ákvæði um bundin atvinnuleyfi.

8. gr.

1. mgr. Bundið atvinnuleyfi skal liggja fyrir ...

**Spurt var um c. lið 11. gr., hvort ekki væri rétt að skoða mál þeirra sem ekki hafa verið á vinnumarkaðnum en uppfylla önnur skilyrði, t.d. um að hafa átt samfellt lögheimili hér á landi í þrjú ár.**

Félagsmálaráðuneytið þakkar athugasemdina og leggur til að við 3.mgr. 11.gr. verði bætt málslið þannig að hún verði svohljóðandi:

*Vikja má frá skilyrði c-liðar 1.mgr. ef um er að ræða útlending sem verið hefur í námi hér á landi að lágmarki í þrjú ár og lokið því. Þá má einnig vikja frá*

skilyrðum c-liðar 1. mgr. ef um er að ræða maka útlendinga sem er með atvinnuleyfi hér á landi eða uppkomin börn hans.

**Spurt var um hvort ekki væri ástæða til þess að BSRB ætti fulltrúa í samstarfsnefndinni sem um er fjallað í 25. gr. frumvarpsins.**

Það er alltaf nokkur kúnt að afmarka nefndir sem þessar, sérstaklega á það við hér þar sem nefndinni er ætlað að fjalla um almenn álitamál varðandi útgáfu atvinnuleyfa. Þrátt fyrir það þótti ekki ástæða til að fjölga í nefndinni þar sem einnig skipti máli að hún væri ekki þung í vöfum. Þetta hlýtur þó alltaf að vera álitamál. Hins vegar virðist nokkuð ljóst að ef BSRB fær fulltrúa í nefndinni þurfi Sambandi íslenskra sveitafélaga og fjármálaráuneytið einnig að fá þar fulltrúa og þá væntanlega einnig BHM. Því var sú leið farin sem fram kemur í frumvarpinu, að takmarka fulltrúana við stofnanirnar tvær, ASÍ, S.A. og að félagsmálaráðherra skipi síðan formann án tilnefningar.

---

**Þá var í nefndinni spurt hvernig maki væri skilgr. í 2. mgr. 11. gr., hvort um væri að ræða sambúðarmaka einnig?**

Nei hér er ekki um að ræða sambúðarmaka. Maki í frumvarpinu tekur ekki til þess sambúðarforms heldur hjúskaps.

---

Félagsmálaráðuneytið vill að endingu ítreka þau atriði sem bent var á á fundi nefndarinnar og sem betur mættu fara að mati ráðuneytisins, en þau eru eftirfarandi:

1. ml. 2. mgr. 11. gr. verði svohljóðandi:

*Víkja má frá skilyrðum 1. mgr. ef um er að ræða erlendan maka Íslendinga sem undanþeginn er kröfu um atvinnuleyfi samkvæmt síðari málslið a-liðar 14. gr. við skilnað eða andlát maka.*

4. mgr. 11. gr. verði svohljóðandi:

*Heimilt er að veita útlendingi, sem hefur fengið landvist hér á landi sem flóttamaður, óbundið atvinnuleyfi.*

Þá vill félagsmálaráðuneytið einnig óska eftir því að breytingar verði gerðar á 2. ml. 2. mgr. 7. gr. þannig að hann hljóði svo:

*Skilyrði er að áður hafi verið veitt dvalarleyfi.*

Fellt verði út: *samkvæmt ákvæðum laga um útlendinga um dvalarleyfi fyrir aðstandendur.*

Enda hafi hugtakið „nánustu aðstandendur“ verið skilgreint í 3. gr..